

UMSÖGN

Umsögn skóla- og frístundaráðs um skýrslu starfshóps um mótun stefnu um aðkomu Reykjavíkurborgar að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum

Með tölvubréfi, dags. 30. nóvember 2022, óskaði borgarráð eftir umsögn skóla- og frístundaráðs um tillögur starfshóps um mótun stefnu Reykjavíkurborgar um aðkomu að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum.

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir yfirgripsmikla vinnu starfshópsins. Tillögurnar eru til þess fallnar að auka jafnræði barnafjölskyldna í borginni og stuðla að auknu gegnsæi í rekstri og starfi sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla. Það gerir alla upplýsingagjöf til almennings og eftirfylgni Reykjavíkurborgar markvissari og skilvirkari. Þá eru tillögurnar til þess fallnar að treysta rekstrargrunn sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla. Ljóst má vera að ef gera á breytingar er varða aukin framlög til sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla þarf að tryggja rekstrargrunn málaflokksins í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs.

Tekið er undir það sem segir í skýrslu starfshópsins:

„Sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólar skipa og eiga að skipa mikilvægan sess í framboði leik- og grunnskóla í borginni til framtíðar. Þess vegna er mikilvægt að skapa þeim traust starfsskilyrði; fyrirsjáanleika, gagnsæi, jafnræði og stöðugleika í rekstri þeirra til lengri tíma og sambærileg starfsskilyrði á við almenna leik- og grunnskóla.“

Skóla- og frístundaráð vill koma eftirfarandi ábendingum og spurningum á framfæri.

Almennar ábendingar:

Starfshópurinn skilar vel ígrunduðum tillögum en skv. erindisbréfi átti einnig að búa til heildstæða stefnu, hér færi betur á því að aðgreina bindandi stefnumótun frá tillögunum sjálfum. Tillögurnar snúa aðallega að rekstrarskilyrðum sem er mikilvægt en útfærslan þarf einnig að taka mið að þáttum sem snúa að menntun og félagslegri velsæld barnanna.

Raunverulegt val er lykilþáttur en einnig þarf að huga að upplýsingagjöf um kosti borgarrekinnna skóla annars vegar og sjálfstætt starfandi skóla hins vegar.

Tillaga 1.

Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar byggir á Græna planinu, menntastefnu Reykjavíkurborgar, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og styrkjareglum borgarinnar. Í þessari framtíðarsýn gegna sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólar mikilvægu hlutverki í að efla framkvæmd markmiða menntastefnu borgarinnar m.a. hvað varðar eftirtalin atriði:

Tekið er undir mikilvægi þess að mynduð verði heildarsýn á þennan málaflökk með menntastefnu Reykjavíkurborgar “Látum draumana rætast” að leiðarljósi fyrir öll börn í borginni en lögð skýra áherslu á eftirfylgni með að vinnan samræmist annarri stefnumótun borgarinnar.

Tillaga 2.

Tekið verði upp stafrænt innskráningarkerfi fyrir alla leikskólaþjónustu og alla grunnskólaþjónustu í borginni, sbr. meirihlutasáttmála.

Skóla- og frístundaráð styður þessa tillögu og hvetur til að hún verði sett í algeran forgang þannig að hægt verði að ljúka henni sem fyrst. Mikilvæg forsenda fyrir eftirliti með sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum er að búið verði að taka í notkun samræmt innritunarkerfi fyrir börn og nemendur þannig að hægt sé að tryggja réttar rekstrarforsendur. Það er því mikilvægt að innritunarkerfið verði tilbúið sem fyrst enda lykill að yfirsýn yfir starfsemina og mun gegna veigamiklu eftirlitshlutverki.

Tillaga 3.

Varðandi endurskoðun á framlögum og rekstrarskilyrðum sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla sem miða að því að auka fyrirsjáanleika, gagnsæi, jafnræði og stöðugleika í rekstri þeirra til lengri tíma og gera þeim kleift að haga starfi sínu í samræmi við lög, reglugerðir, kjarasamninga, Græna planið og menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Bent er á að í skýrslu starfshópsins er gengið út frá því í kafla II að: „Framlag vegna húsnæðiskostnaðar taki mið af fjölda reykvískra barna í skólanum, allt að 8 fm. pr. barn og 3.300 kr. pr. fermetra sem uppfærist með húsnæðislið vísitölu neysluverðs. Allar breytingar á grunnviðmiðunarstærð leikskólabygginga, eins og komu fram í kynningu í skóla- og frístundasviði þann 16. janúar 2023 munu breyta fjárhagslegum forsendum varðandi uppbyggingu nýrra leikskóla, kalla á aukinn kostnað og fækka plássum. Þessari kynningu var vísað áfram til Brúum bilið hóps og mikilvægt er að taka mið af þeirri vinnu.

Skóla- og frístundaráð styður kröfu um endurskoðun á ársreikningum.

Skóla- og frístundaráð styður 19. gr í samningsdrögum um mikilvægi þess að samræma eftirlit með skólum.

Mikilvægt er að til séu áætlanir og ferlar ef vanefndir eða riftun samnings kemur til, eða aðrir þættir sem stefna starfi skólans í hættu til að tryggja samfellda þjónustu við börn og fjölskyldur.

Meta þarf miðlægan stuðning skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt starfandi skóla sem hluta af rekstrarframlagi, t.d. í aðgerðum til stuðnings vinnuumhverfisins. Tryggja þarf að í starfsáætlunum og uppgjöri komi fram sundurliðun á nýtingu sértæks stuðnings og ráðstöfun fjár til barna af erlendum uppruna þannig að gagnsæi sé til staðar. Mikilvægt er að tryggja jafnræði milli barna af erlendum uppruna sem sækja enskumælandi skóla með lögheimili utan Reykjavíkur því framlag borgarinnar fylgir bara börnum sem eru með lögheimili í Reykjavík.

Á bls. 8 í greinargerðinni með tillögunni stendur: „Ekki er gerð tillaga hér um breytingu á viðmiði fyrir rekstrarframlag eða framlagi vegna sérstaks stuðnings og vegna barna af erlendum uppruna sem fer eftir sömu leikreglum og hjá borgarreknum skólum“ en þennan punkt þarf að skoða, hvaða þýðingu þetta hefur t.d. fyrir leikskóla sem að starfa á alþjóðlegum grundvelli.

Tillaga 4.

Afnám skólagjalda í grunnskólum til að skapa jafnræði fyrir foreldra og nemendur um val á grunnskólum í borginni.

Skóla- og frístundaráð styður þessa tillögu og bendir á að lagt er til að hækka framlag með hverju barni úr 75% í 100% til að koma til móts við afnám skólagjalda til að tryggja jafnræði fyrir foreldra og börn.

Tillaga 5.

Samræming gjaldskráa sjálfstætt starfandi leikskóla og borgarrekinna leikskóla til að skapa aukið jafnræði foreldra við val á leikskólum í borginni.

Skóla- og frístundaráð styður þessa tillögu og bendir á að lagt er til að hækka framlag með hverju barni úr 75% í 100% til að koma til móts við lækkun skólagjalda einmitt til að tryggja jafnræði á milli foreldra og barna.

Tillaga 6.

Skorður settar á útgreiðslu arðs með ákvæðum um að rekstrarafgang hjá sjálfstætt reknum leikskólum sem leiðir af opinberum framlögum skuli nýta til að efla leikskólastarf og hlutaðeigandi skóli skuli gera grein fyrir nýtingu hans, sbr. meirihlutasáttmáli. Fylgt verði eftir sambærilegu ákvæði hjá sjálfstætt reknum grunnskólum.

Skóla- og frístundaráð styður þessa tillögu en bendir jafnframt á að mikilvægt er hvernig útfærslan og eftirfylgnin er. Hvernig verður hægt að greina á milli hvaða hluti rekstrarafgangs leiðist af opinberum framlögum og hvað af öðrum framlögum? Taka þarf fram að arðgreiðslur séu með öllu óheimilar þegar taprekstur er til staðar.

Tillaga 7.

Aukinn stuðning til sjálfstætt starfandi skóla við byggingu eða breytingu á skólahúsnæði og kynnt til leiks sú framtíðarsýn að sjálfstætt starfandi skólar verði með starfsemi sína í húsnæði í eigu borgarinnar.

Bent er á að húsnæðispörf borgarekinna skóla er brýn eftir áskoranir síðustu ára og þarf borgin ávallt að taka mið að því fyrst áður en sjálfstætt starfandi skólum er útvegað húsnæði. Endurskoða þarf hvort ráðlegt sé við núverandi aðstæður að veita slíkan stuðning til sjálfstætt starfandi skóla við byggingu eða breytingar á skólahúsnæði. Ekki er tekið undir þá framtíðarsýn starfshópsins að sjálfstætt starfandi skólar verði ávallt með starfsemi sína í húsnæði í eigu borgarinnar. Í ljósi þessa er mikilvægt að horfa til samnýtingar húsnæðis og opinna rýma/svæða við gerð samninga við sjálfstætt starfandi eins og stefna Græna plansins leggur upp með í uppbyggingunni framundan en hún geymir fjölmörg tækifæri um hvar hægt væri að skapa umgjörð og stuðning fyrir sjálfstætt starfandi skóla og frístund innan nýrrar byggðar t.d. í gegnum skilmála deiliskipulags á jarðhæðum húsa og í inngörðum. Meta þarf umfang fjármögnunarkostnaðar sem fellur til hjá borginni vegna þessa.

Tillaga 8.

Eflling alþjóðadeilda og aukið framboð á alþjóðlegu skólastarfi til að koma til móts við þau börn sem hentar það námsumhverfi, s.s. börn í fjölskyldum erlendra íbúa í Reykjavík eða börn Íslendinga sem vinna að staðaldri erlendis en hafa tímabundna búsetu í Reykjavík. Mikilvægt að efla samkeppnishæfni borgarinnar að þessu leyti, sbr. meirihlutasáttmáli.

Skóla- og frístundaráð stendur með eflingu alþjóðlegs skólastarfs fyrst og fremst á forsendum framúrskarandi skólastarfs í fjölbreyttu samfélagi hér á landi með inngildingu að leiðarljósi. Mikil þörf er fyrir að komið sé til móts við fjölda barna af erlendum uppruna eins og tekið er fram í skýrslunni, en mikilvægt er að greina að hlutverk sjálfstætt starfandi skóla annars vegar og skóla með alþjóðlega námskrá hins vegar.

Svara þarf spurningum um heildstæða nálgun ef börnum á að standa til boða menntun alfarið á ensku á leik- og grunnskólastigi. Þetta gæti haft samfélagslegar afleiðingar í heild sem þarf að rýna og kortleggja með framtíðar tækifæri og hæfni í huga, s.s. vegna framhaldsnáms.

Mikilvægt er að hafa samfélagspróun í heild að leiðarljósi og fylgja samþykktri málstefnu borgarinnar og lagt er til að stofnaður verði stýrihópur sem greinir þörfina í samræmi við ákvæði Alþjóðastefnu Reykjavíkurborgar en þar segir:

Greining á þörf og rekstrarumhverfi alþjóðaskóla í Reykjavík

- *Greina þörf fyrir frekara starf alþjóðaskóla í Reykjavík og skoða möguleg rekstrarform.*
- *Skoða rekstrarform alþjóðaskóla erlendis m.t.t. þess hvort um opinberan, blandaðan eða einkarekstur er að ræða, og máta við íslenskan veruleika.*
- *Skoða lagaumgerð leik- og grunnskóla, m.t.t. fýsileika reksturs sjálfstætt starfandi aðila á alþjóðaskólum byggðum á alþjóðlegum gæðaviðmiðum.*
- *Kanna hvernig greiðslupátttöku er almennt háttað erlendis gagnvart foreldrum.*
- *Kanna möguleika til tímabundinnar dvalar nemenda í alþjóðaskólum í Reykjavík.*

Tillaga 9.

Tillaga um aukið faglegt eftirlit og aukið fjárhagslegt eftirlit. Starfshópurinn byggir tillögur sínar í þessum efnum á ráðgjöf og úttekt Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar. Starfshópurinn minnir á að útivistun á grunnskóla- og leikskólaþjónustu breytir ekki því að borgin ber í raun víðtæka ábyrgð á starfsemi sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla í borginni.

Skóla- og frístundaráð styður þessa tillögu en ítrekar ábendingu um mikilvægi þess að skilgreina ramma fyrir eftirfylgni, ytra eftirlit, afleiðingar þess að fylgja ekki samningsákvæðum sem og fjármögnun eftirlits og stuðnings sem veitt er af hálfu miðlægrar þjónustu Reykjavíkurborgar, sbr. til dæmis þjónustu skóla- og frístundasviðs og heilbrigðiseftirlits. Tekið er undir mat starfshóps um að undanbrögð frá kröfum um endurskoðun á ársreikningi og upplýsingagjöf sem og kröfur um rekstrarhæfi og gjaldhæfi sjálfstætt starfandi skóla eigi að leiða til uppsagnar/riftunar á þjónustusamningi.